



Fagurt er á fjöllum. Við Langasjó og Fögrufjöll.

Ljós.: Valtýr P. Hreiðarsson.

Ferðamálaráðstefnan í Mývatnssveit 16.-17. október:

## Markaðssetning Íslands - breyttar áherslur

Dagana 16.-17. október verður árleg ferðamálaráðstefna Ferðamálaráðs Íslands haldin í félagsheimilinu Skjólbrekku í Mývatnssveit. Meginefni og yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni er „Markaðssetning Íslands - breyttar áherslur.“

Ráðstefnan í Mývatnssveit er sú 33. í röðinni. Á ferðamálaráðstefnum er kafað ofan í ýmis mál sem skipta miklu fyrir íslenska ferðaþjónustu og leitast við að ræða það sem efst er á baugi í umræðunni í það og það skiptið. Þá eru umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs afhent í tengslum við ráðstefnuna.

### Auglýst eftir samstarfi

Með yfirskrift ráðstefnunnar nú er verið að vísa til þeirrar nýju leiðar sem farin var á

þessu ári við nýtingu þess fjármagns sem stjórnmöld ákváðu að verja til markaðsóknar íslenskrar ferðaþjónustu. Í stuttu máli var ákveðið að nýta 202 milljónir, af þeim 300 sem voru veittar af opinberri hálfu til markaðsstarfs á árinu 2003, til samstarfsverkefna í almennri landkynningu á fjórum markaðssvæðum erlendis.

Var fjármununum skipt með ákveðnum hætti á hverju markaðssvæði og síðan auglýst eftir samstarfsaðilum. Þannig gafst aðilum kostur á að sækja um samstarf við Ferðamálaráð gegn því að leggja fram a.m.k. jafn háa upphæð og framlag Ferðamálaráðs var til umræddra verkefna.

### Framsaga og pallborð

Framsögu um málið hefur Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferða-

málaráðs Íslands. Síðan verða pallborðsumræður þar sem þátt taka Hannes Hilmarsson, svæðisstjóri Icelandair; Svanhildur Konráðsdóttir, framkvæmdastjóri Höfuðborgarstofu; Gunnar Rafn Birgisson, framkvæmdastjóri Atlantik; Óli Jón Ólason, hóteldstjóri Hótel Reykholt; Ingibjörg Pálmadóttir, eigandi Hótel 101 og Magnús Oddsson, ferðamálastjóri. Á eftir verða síðan umræður og fyrirspurnir.

# Mikilvægi nærmarkaðar

Í þessu fréttabréfi Ferðamálaráðs eru meðal annars birtar upplýsingar um þróun síðustu ára í komu erlendra gesta hingað til lands og fjölda gistinátta. Þar koma fram ýmsar jákvæðar upplýsingar um árangur okkar á erlendum mörkuðum.

Ljóst er að í samræmi við markaða stefnu hefur tekist að auka umfang utan háannatíma hlutfallslega meira en á háönn. Samkvæmt nýjustu upplýsingum Hagstofunnar hefur gistinóttum erlendra gesta fjölgað um 74% á sl. sex árum í mánuðinum janúar til apríl. Þessar upplýsingar hljóta að styrkja ferðaþjónustuna í þeirri trú að vel sé að málum staðið á erlendum mörkuðum.

Það sem aftur á móti hlýtur að vekja okkur til umhugsunar er



að á þessu sex ára tímabili hefur engin aukning orðið í gistinóttum Íslendinga í eigin landi mánuðina janúar til apríl. Við virðumst ekki hafa náð varanlegum árangri sl. sex ár í að auka ferðalög Íslendinga um eigið land utan háannar. Þessi niðurstaða vekur upp spurningar sem ekki verður leitast við að svara hér en þeim varpað fram sem innleggi í þá mikilvægu umræðu sem stöðugt fer fram um markaðsmál ferðaþjónustunnar.



Magnús Oddsson.

- Er sú vara sem ferðaþjónustan hefur þróað og markaðssett utan háannar þróuð með erlendan markað í huga?
  - Hefur okkar næsti markaður sem ódýrast er að nálgast gleymst?
  - Er þessi markaður, Íslendingar að vetri, það lítill að hann verði ekki stækkaður meira en var fyrir sex árum?
  - Hefur ferðaþjónustan ekki beint markaðátakinu „Ísland sækjum það heim“ nægjanlega að lágönninni?
- Fleiri spurningum væri hægt að varpa fram en það er okkur nauðsynlegt í allri umræðu um markaðsmál að leita svara og finna leiðir til að auka umfang innlenda markaðarins, sem er okkur mjög mikilvægur, ekki sist á lágönn.

Magnús Oddsson, ferðamálastjóri.

## Nokkrar mannabreytingar í Ferðamálaráði

Nýtt Ferðamálaráð kom saman til síns fyrsta fundar 30. júní síðastliðinn en samkvæmt lögum er ráðið skipað til fjögurra ára í senn. Nokkrar mannabreytingar urðu á ráðinu en formaður er sem fyrr Einar Kr. Guðfinnsson alþingismaður.

Samkvæmt lögum sitja sjö fulltrúar í ráðinu, tveir skipaðir beint af samgönguráðherra, tveir af Samtökum ferðaþjónustunnar, tveir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn frá Ferðamálasamtökum Íslands, samkvæmt tilnefningu. Ráðið er nú þannig skipað: Einar Kr. Guðfinnsson formaður; Ísólfulur Gylfi Pálmason varaformaður, báðir skipaðir af ráðherra; fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga eru Gunnar Sigurðsson, bæjarstjórnarmaður á Akranesi, og Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi; Gunnar kom inn í ráðið nú í október í stað Kristjáns Þórs Júlíussonar, bæjarstjóra á Akureyri; fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar sitja í ráðinu þeir Steinn Lárusson frá Icelandair og Hlynur Jónsson frá KEA Hótelum/Greifanum; Pétur Rafnsson er fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands. Ráðið hefur fundað þrívægis, þar af einu sinni á Akureyri. Þá var farið í kynnisferð til Seyðisfjarðar í ágúst.



Að loknum fundi Ferðamálaráðs á Akureyri. Efsta röð frá vinstri: Hlynur Jónsson, Kristján Þór Júlíusson og Dagur B. Eggertsson. Miðröð frá vinstri: Steinn Lárusson, Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðs-sviðs Ferðamálaráðs, og Ísólfulur Gylfi Pálmason. Fremsta röð frá vinstri: Einar Kr. Guðfinnsson, Magnús Oddsson ferðamálastjóri og Pétur Rafnsson. Frá því að myndin var tekin hefur sú breyting orðið að Gunnar Sigurðsson á Akranesi er kominn í stað Kristjáns Þórs Júlíussonar.

# Nýtt verklag við útteilingu á fjármunum til umhverfismála

Á fundi Ferðamálaráðs þann 6. október síðastliðinn var samþykkt nýtt verklag varðandi útteilingu þeirra fjármuna sem varið er til umhverfismála af hálfu stofnunarinnar. Meginbreytingin felst í því að bróðurparti fjármunanna verður úthlutað í styrkjaformi.

Til þessa hefur fjármagninu verið tvískipt. Um fimmtungi þess hefur verið úthlutað í formi tiltölulega lágra styrkja en afganginum verið varið til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum þar sem Ferðamálaráð hefur sjálft séð um framkvæmdir í samvinnu við fleiri aðila, svo sem Vegagerðina, Umhverfisstofnun og sveitarfélög á viðkomandi stað. Með þessari nýju leið er leitast við að nýta sem best útsjónarsemi þeirra sem að viðkomandi verki standa og um leið að auka ábyrgð þeirra.

## Fjármununum skipt í fernt

Í grófum dráttum gengur nýtt verklag út á að fjármununum verði skipt í fernt. Í fyrsta lagi verður um fimmtungi upphæðarinnar úthlutað til minni verkefna, svipað og verið hefur, þar sem að hámarki 500.000 krónum verður úthlutað til hvers verkefnis. Styrkuppþæðinni verði allri varið til efniskaupa.

Í öðru lagi verður um þriðjungi upphæðarinnar varið til tveggja verkefna þar sem umsækjendur koma til með að stýra verkefnum og þau verða í umsjón eða eigu styrkþega eftir að framkvæmdum lýkur. Um verði að ræða svæði eða staði sem verulegur fjöldi ferðamanna sækir heim. Meðal skilyrða er að styrkuppþæð getur aldrei orðið hærri en sem nemur 75% af framkvæmdakostnaði. Einungis verða styrkt svæði þar sem fullnaðarhönnun liggur fyrir en starfsmenn Ferðamálaráðs eru tilbúnir að miðla af þekkingu sinni á hönnunarstigi svæða.

Í þriðja lagi verður um þriðjungi upphæðarinnar varið til uppbyggingar á nýjum svæðum sem ætla má að ferðamenn komi til með að sækja heim þegar aðstaða verður orðin þökkaleg. Styrkuppþæð getur aldrei orðir hærri en sem nemur 75% af framkvæmdakostnaði og einungis verða styrkt svæði þar sem samþykkt deiliskipulag liggur fyrir. Hluti af styrkuppþæð Ferðamálaráðs getur farið til hönnunar á viðkomandi svæði.



Dynjandi við Dynjandisvog í Arnarfirði er meðal fjölsótttra ferðamannastaða þar sem Ferðamálaráð hefur staðið að framkvæmdum á síðustu árum.

Í fjórða og síðasta lagi verður um fimmtungi upphæðarinnar varið til forvarnastarfs, fræðslu, útgáfumála og fleiri þátta og verður alfarið til ráðstöfunar innan stofnunarinnar.

## Meiri dreifing farþega skemmtiferðaskipa

Á nýliðnu sumri voru komur skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur rétt um 60 talsins. Það er nokkur aukning frá fyrra ári sem þó var metár. Þótt endanlegar tölur um farþegafjölda liggja ekki fyrir er þó líklegt að þeim hafi ekki fjölgað að sama skapi þar sem minna var um komur stórra skipa. Hins vegar dreifðust farþegar meira um landið nú en áður.

### Sömu farþegar í 3-4 ferðir

„Það eru engin tvö sumur eins í þessum geira,“ segir Gunnar Rafn Birgisson, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Atlantik, en hún er stór aðili í móttöku farþega skemmtiferðaskipa. „Í sumar voru skipin fleiri en áður en meira um lítil og meðalstór skip. Stóru skipin voru hins vegar færri og þau telja mikið í heildarfarþegafjöldanum. Hins vegar dreifðust skipin meira um landið en verið hefur, voru gjarnan að koma við



Skemmtiferðaskipið Discovery við bryggju á Akureyri í sumar.

á 3-4 höfnum og sömu farþegarnir þannig e.t.v. að fara í 3-4 ferðir hérlendis. Þetta hefur sitt að segja og er sérlega jákvætt fyrir landsbyggðina. Aukning í verkefnum hjá okkur var þannig um 20%.“

### Hóflega bjartsýnn

Gunnar Rafn segir ljóst að aðstaðan við móttöku skipanna skipti miklu máli og eins

og sakir standa sé hún best á Akureyri. Með nýjum viðlegukanti í Reykjavík, Skarfakletti, sem væntanlega verður tekinn í notkun árið 2006, muni aðstaðan í höfuðborginni vonandi batna. „Töluvert auknar kröfur verða gerðar á næsta ári til öryggismála við hafnirnar og fyrirsjáanlegt að kröfur um öryggisgæslu og eftirlit verði færðar nær því sem þekkist í flughöfnum í náninni framtíð. Töluvert er ennþá í land að við á Íslandi uppfyllum þær kröfur sem nú eru gerðar á þessu sviði og getur það haft áhrif á komur skemmtiferðaskipa hingað til lands á næstu árum“, segir Gunnar Rafn.

Hann segist hóflega bjartsýnn fyrir næsta sumar og menn hafi vissar áhyggjur af niðursveiflu á mikilvægum mörkuðum. „Mér sýnist að skipin verði a.m.k. jafn mörg og í sumar en farþegafjöldinn er það sem telur og í þeim efnum verðum við að bíða og sjá,“ segir Gunnar Rafn.

# Fróðlegur samanburður á gistinóttum og fjölda ferðamanna

Nú er aðgengileg á samskiptavef Ferðamálaráðs fróðleg samantekt um fjölda gistinátta og ferðamanna síðastliðin fimm ár. Það eru einmitt þessir tveir mælikvarðar sem gefa hvað besta mynd af samsetningu erlendra gesta á Íslandi. Framsetningin er með myndrænum hætti og því einkar auðvelt að glöggva sig á öllum helstu stærðum.

Tímabilið sem tekið er fyrir nær frá árinu 1998 til 2002, að árinu 2001 frátöldu. Annars vegar er byggt á gistináttatalningum Hagstofunnar og hins vegar á ferðamannatalningum Útlendingaeftirlitsins og Ferðamálaráðs við brottför úr landinu. Auk þess er byggt á upplýsingum frá Austfari hf. um fjölda farþega með Norrænu. Áætlað er að þessar talningar nái yfir 98 prósent erlendra gesta.

## Ágæt reynsla komin á talningar Ferðamálaráðs

Ferðamannatalningar voru í höndum Út-

lendingaeftirlitsins til ársloka 2000, lágu þá niðri í rúmt ár en frá því í febrúar 2002 hefur Ferðamálaráð séð um þær við brottför úr landinu. Ágæt reynsla er nú komin á þá talningu og þótt aðferðin við hana sé með öðru sniði en áður eru tölurnar engu að síður sambærilegar við eldri tölur Útlendingaeftirlitsins.




Við samaburðinn er tekið mið af þeirri skiptingu á árinu sem viðhöfð er hjá Hagstofunni en í gistináttaskýrslum er ferðarárinu jafnan skipt í þrjú tímabil, janúar-apríl, maí-ágúst og september-desember.

## Fleira en höfðatalan skiptir máli

Oddný Þóra Óladóttir, verkefnastjóri hjá Ferðamálaráði, vann samantektina og segir hún fróðlegt að skoða samhengið á milli þessara tveggja helstu mælikvarða íslenskrar ferðaþjónustu. „Til að við getum áttað okkur á umfangi ferðamennsku í landinu verðum við að huga að öllum fyrirbyggjandi

talngögnum. Það er ekki nóg að skoða fjölda ferðamanna, heldur verður að huga að því hve lengi ferðamenn dvelja, á hvaða árstíma þeir koma, í hvers konar gistingu þeir eru, hvar á landinu þeir dvelja, hve miklu þeir eyða og í hvað o.s.frv. til að átta okkur sem best á samsetningu þeirra. Í þessari samantekt er fjöldi ferðamanna skoðaður með hliðsjón af gistinóttum samkvæmt talningum Hagstofunnar. Það verður þó að hafa í huga að þessar talningar ná ekki yfir allar gistinætur erlendra gesta á Íslandi. Þær, í samhengi við fjölda ferðamanna, gefa þó góða vísbendingu um samspilið þarna á milli,“ segir Oddný.

Nánari upplýsingar má finna á samskiptavef Ferðamálaráðs, [www.ferdamalarad.is](http://www.ferdamalarad.is)



## Flokkun tjaldsvæða

### 1 stjarna ★

- Tjaldsvæðið skal vera greinilega afmarkað og fjárhelt.
- Tjaldstæði skulu vera slétt og vel hirt.
- Aðkeyrsla að svæðinu skal vera greiðfær og örugg.
- Svæðið skal vera greinilega merkt svo og akstursleiðir um það.
- Á svæðinu skal vera búnaður til „Fyrstu hjálpar“ hjá umsjónaraðila.
- Upplýsingatafla skal vera til staðar með umgengisreglum og símanúmeri hjá umsjónaraðila.
- Á svæðinu skal vera daglegt eftirlit.
- Fjöldi salerna og vaska skal vera a.m.k. í samræmi við viðmið Hollustuverndar. Það er fyrir < 200 gesti 2 salerni, þ.a. eitt aðgengilegt fötludum, 201-300 gestir 3 salerni, 401-600 gestir 4 salerni, o.s.frv.
- Sorp skal fjarlægt reglulega.
- Öllum mannvirkjum á svæðinu skal vera vel við haldið.
- Öll aðstaða á svæðinu skal vera greinilega merkt.
- Upplýsingar um neyðarnúmer skulu vera a.m.k. á isl./ensku.

### 2 stjórnur ★★

Til viðbótar við flokk eitt kemur:

- Starfsfólk hafi að lágmarki tveggja tíma viðveru yfir daginn.
- Upplýsingatafla með viðverutíma starfsfólks skal hanga uppi.
- Þjónustusvæði skal vera upplýst.
- Aðgangur skal vera að síma allan sólarhringinn í næsta nágrenni.
- Tekið sé við greiðslukortum.
- Borð og bekkir séu á svæðinu.
- Leikaðstaða sé fyrir börn.

### 3 stjórnur ★★★

Til viðbótar við ofantalið skal vera:

- Starfsfólk hafi fasta viðveru á álagstímum (dæmi: 8-10 og 17-21) og næturvakt skal vera um helgar.
- Gestamóttaka skal vera aðgengileg með svæðisupplýsingum og um önnur tjaldsvæði.
- Borð og stólar undir þaki.
- Veglýsing að og um svæðið.
- Póstkassi skal vera á svæðinu.
- Aðgangur sé að þvottavél og þurrkaðstöðu.
- Aðstaða til sorpflokkunar (a.m.k. samkvæmt lágmarkskröfum um förgun spilliefna).
- Á svæðinu skal vera aðstaða til losunar affallsvatns og seyr af húsbílum.
- Heitt og kalt vatn skal vera á svæðinu.
- Hægt sé að fá allar upplýsingar um svæðið og leggja inn gistingantánir utan opnunartíma svæðisins.

### 4 stjórnur ★★★★

Til viðbótar við ofantalið skal vera:

- Starfsfólk hafi fasta viðveru á svæðinu frá kl. 07:00-23:00 alla daga.
- Gestir hafi aðgengi að nettingu.
- Sérstök stæði skulu vera fyrir húsbíla og fellihýsi með aðgengi að rafmagni.

### 5 stjórnur ★★★★★

Til viðbótar við ofantalið skal vera:

- 24 tíma viðvera alla daga.
- Veitingasala sé á staðnum.

#### Skýringar á texta:

Tjaldsvæði = Afmarkað svæði ætlað fjölda tjalda

Tjaldstæði = Staður innan afmarkaðs tjaldsvæðis ætlað stöku tjaldi (fellihýsi, húsbíl...)

## Reglur um flokkun tjaldsvæða

Að forgöngu Ferðamálaráðs hefur að undanfögnu verið unnið að reglum um flokkun tjaldsvæða. Tilgangurinn er að auðvelda ferðalöngum að átta sig á þeirri þjónustu sem í boði er á viðkomandi stað og vera rekstraraðilum stuðningur við uppbyggingu tjaldsvæðis.

### Tillögur frá verkefnisnefnd

Síðastliðið haust var stofnuð verkefnisnefnd til að vinna tillögur að flokkun tjaldsvæða. Nefndina skipuðu, auk umhverfissfulltrúa Ferðamálaráðs, sem var verkefnisstjóri, fulltrúar Ferðamálasamtaka Íslands, Samtaka ferðaþjónustunnar, Félags ferðamála-fulltrúa, Bandalags íslenskra Farfugla og Ferðaþjónustu bænda. Við undirbúning málsins var stuðst við flokkunarkerfi sem notuð eru í Noregi og Danmörku. Nefndin skilaði af sér tillögum sem samþykktar voru á fundi Ferðamálaráðs Íslands. Í framhaldinu er síð-



Frá tjaldsvæðinu að Hömrum á Akureyri.

an áætlað að gefa út leiðbeiningarrit um rekstur og uppbyggingu tjaldsvæða.

### Gestir sjá um eftirlitið

Í reglunum er gengið út frá flokkun tjaldsvæða með stjórnugjöf frá einni upp í fimm stjórnur. Ekki er gert ráð fyrir að tjaldsvæði beri sérstakan kostnað af þátttöku í flokkuninni heldur er framkvæmdin hugsuð með þeim hætti að rekstraraðilar tjaldsvæðis ákveði í hvaða flokki þeir vilji vera, setji flokkunarviðmið upp á áberandi stað á tjaldsvæðinu og síðan sé það gesta að ganga eftir því að svæðið standist þær kröfur sem stjórnugjöf þess gerir ráð fyrir. Rekstraraðilum er í sjálfsvald sett hvort þeir taka þátt í flokkuninni en gera má ráð fyrir að þegar fram í sækir leitist gestir frekar við að gista á tjaldsvæðum þar sem þeir vita að hverju þeir ganga.

## Gönguleiðaverkefni í gangi

Ferðamálaráð, í samvinnu við Ungmennafélag Íslands og Landmælingar Íslands, er nú með í vinnslu verkefni sem miðar að því að fá almenning til að ganga reglulega sér til heilsubótar og ferðafólk til að staldra við á ferðum sínum um landið og fara í stuttar gönguferðir.

### Göngum um Ísland

Í fyrra ákvað UMFÍ, með styrk frá heilbrigðisráðuneytinu, að fara af stað með verkefnið „Göngum um Ísland“. Gefin var út leiðabók með þessu nafni og vefurinn www.ganga.is opnaður þar sem sömu upplýsingar er að finna. Bókin kom síðan út í annað sinn á liðnu sumri og í henni er að finna á þriðja hundrað stuttar gönguleiðir víðsvegar um landið. Þessar gönguleiðir eru allar merktar, þ.e. stikaðar eða á stígum, og eru frá 0,5 - 2 klst. á lengd og eru því tilvaldar fjölskylduleiðir.

### Kynnast landinu á heilsusamlegan hátt

Ferðamálaráð og aðilar verkefnisins „Göngum um Ísland“ stefna nú að enn frekara átaki í þessum málum. Það starf sem nú er í



Verkefnið miðar að því að fá almenning til að ganga reglulega sér til heilsubótar og ferðafólk til að staldra við á ferðum sínum um landið og fara í stuttar gönguferðir.

gangi felst í að safna upplýsingum um gönguleiðir sem eru lengri en 2 klst. og hafa þær aðgengilegar á einum stað. Þessar leiðir geta verið merktar jafnt sem ómerktar. Leit að hefur verið til ferðamálafulltrúa, ferðafélaga og annarra aðila heima í héraði sem kunnugir eru málaflökknum. Með þessu er verið að stuðla enn frekar að uppbyggingu og aðgengi gönguleiða á Íslandi og hvetja fólk til að ganga um landið og kynnast því þar með á heilsusamlegan hátt. Ætlunin er að hafa þessar upplýsingar eingöngu á Netinu fyrst um sinn. Stefnit er að því að opna nýjan og endurbættan gönguvef á vordögum 2004 og munu upplýsingarnar verða á áður nefndri vefslóð, [www.ganga.is](http://www.ganga.is)

# Hvernig var ferðasumarið 2003?

## Guðrún M. H. Kloes, ferðamálafulltrúi

### Húnaþings vestra:

„Í sumar urðum við vör við talsvert meiri lausumferð en áður. Ég hef ekki endanlegar tölur um fjölda gesta sem komu í upplýsingamiðstöðina en hef trú á að þar hafi verið nokkur aukning. Það skemmtilega er að hér um slóðir er háannatíminn farinn að teygja sig út allan september þar sem göngur, réttir og stóðréttir draga til sín fjölda fólks. Hér er því mestöll gisting meira og minna bókuð á þessum tíma.

Vaðandi nýjungar í ferðapjónustu get ég nefnt að við erum að undirbúa verkefni um lagningu göngustígs eða öllu frekar útivistarstígs sem verður aðgengilegur hreyfihömluðum. Þetta er mjög spennandi mál og hefur hlotið góðar viðtökur, enda merkir aðgengi fyrir fatlaða jafnframt aðgengi fyrir alla. Þá eru nokkrir gististaðir á svæðinu að undirbúa samstarfsverkefni sem fer af stað eftir áramótin og felst í samstarfi um betri nýtingu gistirýmis.“

## Ásberg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppveita Árnessýslu:

„Hér er almennt mjög gott hljóð í ferðapjónustuaðilum í lok sumars. Það var aukning frá því í fyrra og á sumum stöðum veruleg, svo sem á tjaldsvæðunum og í hvers kyns afþreyingu. Einnig varð töluverð aukning hjá gististöðum og þá kannski meira hjá minni stöðum.

Ferðamynstur er síbreytilegt og það þarf alltaf að vera að skoða það og bregðast við. Hér er t.d. verið að endurskoða stefnumótun í ferðapjónustu á svæðinu sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár. Svæðið er gífurlega fjölsótt og þess vegna þarf að vera vel á verði svo við séum örugglega að bjóða öllum þessum gestum upp á ferðapjónustu sem stendur undir kjörordunum okkar „Gæði og gestrisni“. Við verðum að tryggja vel alla grunnþjónustu og aðgengi án þess að ganga á auðlindina. Það þarf sérstaklega að standa vörð um fjölsótt



staði og náttúruperlur og þær eigum við fjölmargar hér í Uppsveitunum. Samgöngur eru auðvitað gríðarlega mikilvægur þáttur í ferðapjónustu. Hér um slóðir er umferðarþunginn orðinn verulegur og mikilvægt að bregðast við því. Þannig að ljóst er að mörg verkefni eru framundan í vega- og reiðvegagerð.

Tækifærin hér eru fjölmörg, fyrst og fremst er mikilvægt að ferðapjónustuaðilar haldi áfram að bjóða upp á gæði og fjölbreytni í þjónustu. Ferðamenn í dag gera kröfur og mega ekki verða fyrir vonbrigðum. Góð samvinna er mjög mikilvæg jafnt innan svæðis sem utan og umfram allt jákvæðni. Það er verið að gera virkilega góða hluti í ferðapjónustu víða um land, en veikasti hlekkurinn er kannski sá að það vantar fé til öflugri markaðssetningar. Allar samgöngubætur styrkja ferðamennskuna og óskastaðan væri auðvitað að sjá meiri stuðning við frumkvöðla og góðar hugmyndir.“

## Gunnar Hermannsson, Markaðsskrifstofu Austurlands:

„Við fundum fyrir verulegri aukningu á upplýsingamiðstöðinni á Egilsstöðum í sumar og fengum 5.000 fleiri gesti en í fyrra. Ég hef ekki endanlegar tölur frá öðrum upplýsingamiðstöðvum á Austurlandi en veit þó að það var mikil umferð í nýrri upplýsingamiðstöð Landsvirkjunar í Végardí. Kárahnjúkar eru augljóslega að draga margt fólk hingað á svæðið. Á tjaldsvæðinu á Egilsstöðum er fjölgandi gistinguóttum útlendinga nokkuð en Íslendingum fækkaði. Hvað varðar ferðir Íslendinga almennt er ljóst að Austfirðir liðu fyrir slæma veðurspá í sumar. Annars heyrir mér vera gott hljóð í rekstraraðilum gististaða og á köflum í sumar var allt gistirými á Austurlandi fullbókað. Ný og stærri Norræna skilaði sínu, einkum með þeim hætti að umferðin byrjaði fyrr og entist lengur. Hvað varðar veterinn þá erum við ágætlega bjartsýn. Við erum með fasta viðburði sem draga að, svo sem „Daga myrkurs“ í lok nóvember, og einnig verður væntanlega nokkur umferð í tengslum við Kárahnjúka. Svo bíða menna bara með



krosslagða fingur eftir skíðasnjó“

## Ásthildur Sturludóttir, ferðamálafulltrúi Vesturlands:

„Við getum ekki verið annað en ánægð að loknu góðu sumri. Við fluttum upplýsingamiðstöðina í Borgarnesi í Hyrnuna og gestafjöldinn í sumar tvöfaldaðist og rúmlega það. Frá maí til september komu 12.000 gestir sem er svipað og allt árið í fyrra. Mér heyrir vera gott hljóð í fólkum um allt svæðið, veðrið lék við okkur sem leiddi til þess að fleiri Íslendingar ferðuðust um Vesturland. Það gekk mjög vel á Snæfellsnesi og í Borgarfirði. Þá vinnur safnasvæðið á Akranesi stöðugt á og Eiríksstaðir verða sífellt vinsælli sem áningarstaður enda hefur mikið verið unnið í markaðsstarfi fyrir þessa staði. Fólk er vissulega alltaf að reyna að lengja ferðamannatímabilið og ég held að það þókist í rétta átt. Það sem hins vegar vinnur á móti okkur í þeim efnum er sá starfsmannaskortur sem ferðapjónustan stendur frammi fyrir þegar skólar byrja og það á sérstaklega við úti á landi.“



## Haraldur Lindal Pétursson, Markaðsráði Húsavíkur og nágrennis:

„Í sumar vorum við í fyrsta skipti með eigin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Hún var opin frá byrjun júní til loka ágúst og á þeim tíma heimsóttu hana ríflega 39.000 gestir. Samhliða vorum við með í gangi könnun á meðal ferðamanna þar sem við spurðum ýmissa spurninga um ferðahegðun, ákvarðanatöku í sambandi við ferðalög o.fl. Við eigum eftir að fullvinna niðurstöðurnar en bindum miklar vonir við að þær verði okkur mikilvægt veganesti í framtíðaruppbyggingu ferðamennsku á svæðinu. Ánægjuleg breyting er að tímabilið hefur lengst og nánast allt gistirými var fullbókað út ágúst. Þá var aukning á flestum sviðum afþreyingar í sumar og ýmislegt nýtt á þjónunum í þeim efnum. Vil teljum að almenn vitund fólks um svæðið sé að aukast í kjölfar markaðsstarfs undanfarinna missera, samstarf ferðapjónustuaðila á svæðinu hefur aldrei verið meira og við blásum ótrauð til sóknar fyrir næsta ár.“



Hvað viltu vita um íslenska ferðapjónustu?

Þú finnur það á

[www.ferdamalarad.is](http://www.ferdamalarad.is)

# Starfsfólk Ferðamálaráðs

Starfsemi Ferðamálaráðs er skipt upp í þrjú svið og skrifstofur eru tvær hér á landi. Í Reykjavík er aðalskrifstofa Ferðamálaráðs. Þar eru markaðssvið og rekstrar- og stjórnsýslusvið. Á Akureyri er upplýsinga- og þróunarsvið.

## Rekstrar- og stjórnsýslusvið

Undir sviðið heyra m.a. rekstur og fjármál, skipulag og áætlanagerð, lögbundin stjórnsýsluverkefni, umsjón með samningagerð, kannanir, leyfismál, fjölþjóðlegt samstarf o.fl. Magnús Oddsson ferðamálastjóri er jafnframt forstöðumaður rekstrar og stjórnsýslusviðs.

## Upplýsinga- og þróunarsvið

Upplýsinga- og þróunarsvið Ferðamálaráðs Íslands er á Akureyri. Meðal verkefna eru upplýsingamál, gerð gagnagrunns, umhverfismál, fræðslumál, vefþróun og -viðhald, rannsóknir, flokkun gististaða og

tjaldsvæða, svörun fyrirspurna o.fl. Forstöðumaður er Elías Bj. Gíslason.

## Markaðssvið

Undir markaðssvið heyra m.a. markaðsáætlanir, ferðasýningar, kynningarefni og markaðsaðgerðir. Undir sviðið heyra einnig landkynningarskrifstofur Ferðamálaráðs erlendis. Landkynningarskrifstofur Ferðamálaráðs erlendis eru nú í New York og Frankfurt og innan skamms verður opnuð skrifstofa í Kaupmannahöfn. Svæði skrifstofunnar í Frankfurt tekur til allrar Mið-Evrópu, svo sem Þýskalands, Frakklands, Austurríkis, Sviss, Ítalíu, Hollands, Belgíu o.fl. landa. Skrifstofan í New York tekur til N.-Ameríku og fyrirhuguð skrifstofa í Kaupmannahöfn mun sinna Norðurlöndunum. Á þessum skrifstofum er skipulögð markaðssókn fyrir íslenska ferðaþjónustu með tengslum við söluaðila og fjölmiðla, dreifingu bæklinga, þátttöku í sýningum o.fl. Forstöðumaður sviðsins er Ársæll Harðarson.

## Skrifstofur

Lækjargata 3 - 101 Reykjavík  
Sími: 535-5500 - Fax: 535-5501  
Netfang: info@icetourist.is  
www.icetourist.is  
www.ferdamalarad.is

Strandgata 29 - 600 Akureyri  
Sími: 461-2915 - Fax: 461-2729  
Netfang: upplýsingar@icetourist.is  
www.icetourist.is  
www.ferdamalarad.is

Þýskaland:  
Isländisches Fremdenverkehrsamt  
City Center- Frankfurter Str. 181  
D-63263 Neu-Isenburg 1  
Sími: +49 6102 254 388 - Fax: +49 6102 254 570  
Netfang: info@icetourist.de  
www.icetourist.de

Bandaríkin:  
Icelandic Tourist Board  
655 Third Avenue - New York, N.Y. 10017  
Sími: +1 212 885-9700 - Fax: +1 212 885-9710  
Netfang: usa@icetourist.is  
www.icelandtouristboard.com



Starfsfólk rekstrar- og stjórnsýslusviðs og markaðssviðs. Aftari röð talið frá vinstri: Rósbjörg Jónsdóttir verkefnisstjóri, Magnús Oddsson ferðamálastjóri, Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs, Sigrún Hlín Sigurðardóttir, markaðsmál fyrir Bretland, Íris Guðjónsdóttir fjármálastjóri og Oddný Þóra Óladóttir verkefnisstjóri. Fyrir framan sitja Pétur Rafnsson verkefnisstjóri og Guðrún Halldórsdóttir ritari.



Starfsfólk upplýsinga- og þróunarsviðs. Talið frá vinstri: Elías Bj. Gíslason forstöðumaður, Halldór Arinbjarnarson verkefnisstjóri, Alda Prastardóttir verkefnisstjóri, Elín Svava Ingvarsdóttir fulltrúi og Valur Þór Hilmarsson umhverfisfulltrúi.



Starfsmenn í New York. Pétur Ómar Ágústsson markaðsstjóri og Einar Gústavsson forstöðumaður.



Starfsmenn í Frankfurt. Talið frá vinstri Ásta Skarphéðinsdóttir verkefnisstjóri, Marie Noelle Adam, tengiliður fyrir Frakkland, Nina Kreutzer verkefnisstjóri og Haukur Birgisson forstöðumaður. Í bakgrunni er „aðstoðarmaðurinn“ Glitfaxi.

## Handbók 2004

Þessa dagana er verið er að uppfæra gagnagrunn Ferðamálaráðs. Hann er gefinn út í prentaðri útgáfu í handbók Ferðamálaráðs, „Ísland“ og er jafnframt aðgengilegur á [www.icetourist.is](http://www.icetourist.is) undir „Search the Yellow pages“. Grunnurinn geymir nú upplýsingar um vel á annað þúsund ferðaþjónustuaðila. Handbókin mun koma út í desember og er enn tækifæri til að skrá sig en það er ferðaþjónustuaðilum að kostnaðarlausu. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 461-2915 eða í netfanginu [upplýsingar@icetourist.is](mailto:upplýsingar@icetourist.is)

## Íslandsbæklingur 2004

Hinn árlegi Íslandsbæklingur Ferðamálaráðs er mikilvægur liður í markaðssetningu Íslands sem ferðamannalands. Íslandsbæklingurinn fyrir árið 2004 er nú á lokastigi og verður tilbúinn til dreifingar í nóvember. Sem fyrr er bæklingurinn gefinn út á 10 tungumálum; ensku, þýsku, dönsku, sænsku, norsku, finnsku, hollensku, frönsku, ítölsku og spænsku auk sérútgáfu fyrir Bandaríkja- og Kanadamarkað.

## Netið sífellt vinsælla

Internetið verður sífellt mikilvægari upplýsingamiðill fyrir þá sem skipuleggja ferðalög sín. Þetta sést m.a. á stöðugt aukinni umferð um landkynningarvef Ferðamálaráðs [www.icetourist.is](http://www.icetourist.is) en heimsóknafjöldinn hefur slegið öll met í ár. Sama má segja um þá landkynningarvefi sem skrifstofurnar í New York og Frankfurt halda úti, [www.icelandtouristboard.com](http://www.icelandtouristboard.com) og [www.icetourist.de](http://www.icetourist.de).

## Framkvæmdir á fjölsóttum stöðum

Framkvæmdir til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum hafa gengið ágætlega á árinu. Á vormánuðum var tekin í notkun mikil endurbætt aðstaða við Hraunfossa í Borgarfirði, sem þó hafði verið gerð mikil bragarbot á nokkrum árum áður, en vegna mikilla breytinga á ferðum fólks var nauðsynlegt að bæta enn frekar úr.

Í sumar var lokið við að setja niður salerni og skilti við Djúpálónssand á Snæfellsnesi ásamt því að bæta aðgengið niður á sandinn. Önnur verkefni sem unnið hefur verið að eða eru í vinnslu í sumar eru: Gönguleið við Krýsuvík, ýmis verkefni við Reykjanestá, Námaskarð í Mývatnssveit, Dyrhólaey, Seljalandsfoss, Skaftafell, Dynjanda og að auki er verið að ganga frá og vinna verkefni frá fyrra ári. T.d. var lokið við frágang á neðra bílastæði við Gulfoss og verið er að setja stiga í hlíðunum við Skógarfoss.



Fréttabréf Ferðamálaráðs Íslands,  
2. tbl. október 2003  
Ábm.: Magnús Oddsson  
Ljós.: Valtýr Þ. Hreiðarsson (fors.)  
Ferðamálaráð, Ásgeir Hreiðarsson,  
Ragnar Th. Sigurðsson, Haukur  
Snorrason o.fl.

Prentvinnsla: Alprent, Akureyri

Heimilt er að nota efni fréttabréfsins,  
þó þannig að heimilda sé getið.

[www.ferdamalarad.is](http://www.ferdamalarad.is)  
[www.icetourist.is](http://www.icetourist.is)

# Styttist í opnun skrifstofu í Kaupmannahöfn

**Sem kunnugt er hefur á undanförunum mánuðum verið unnið að undirbúningi fyrir opnun skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands í Kaupmannahöfn. Gangi áætlanir eftir mun það gerast í lok næsta mánaðar.**

Nú er unnið hörðum höndum að standsetningu húsnæðis en um er að ræða svokallað Bryggjuhús þar sem skipin frá Íslandi lögðust að á öldum áður. Samstarf er haft við ferðamálaráð Færeyja og Grænlands og mun hvert land um sig hafa skrifstofu í húsinu. Þá er í undirbúningi að löndin þrjú stofni sameiginlegt fyrirtæki til að sinna upplýsingagjöf, dreifingu á bæklingum og fleiru sem hagkvæmt er talið.



Bryggjuhúsið í Kaupmannahöfn þar sem skrifstofa Ferðamálaráðs verður til húsa.

Fyrr í haust auglýsti Ferðamálaráð Íslands eftir forstöðumanni skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og bárust 44 umsóknir. Er verið að vinna úr þeim þessa dagana.

# Veruleg fjölgun ferðamanna

**Í febrúar 2002 hóf Ferðamálaráð talningu á ferðamönnum sem fara um Leifstöð, þannig að hægt sé að fylgjast með skiptingu þeirra eftir þjóðerni. Þá höfðu slíkar talningar, sem útlendingaeftirlitið sá áður um, legið niðri í rúmt ár.**

Ágæt reynsla er komin á þessar talningar Ferðamálaráðs og liggja nú fyrir samanturðarhæfar niðurstöður fyrir mánuðina mars til ágúst fyrir árin 2002 og 2003. Sé þetta tímabil borið saman á milli ára kemur í ljós að erlendir ferðamenn í ár eru ríflega 12% fleiri en í fyrra. Mest munar um Breta, Þjóðverja og Dani í þessum tölum en 15.800 fleiri gestir komu frá þessum lönd-

um nú. Mið- og Suður-Evrópubúum fjölgar einnig verulega og hlutfallslega fjölgar Spánverjum mest allra þjóða, eða um 35%, þótt höfðatalan þar sé ekki há.

## Heildarniðurstöður á Netinu

Heildarniðurstöðurnar eru aðgengilegar undir liðnum Tölfræði á vef Ferðamálaráðs [www.ferdamalarad.is](http://www.ferdamalarad.is). Skjalið er uppfært mánaðarlega þegar niðurstöður fyrir næsta mánuð á undan liggja fyrir. Hafa ber í huga að í tölunum eru ekki taldir með farþegar Norrænu eða farþegar sem fara um aðra millilandaflugvelli en Keflavík.

